

Akraneskaupstaður
Dalbraut 4
Akranes

15. september 2025
2025-08-207/11.2

Efni: Umsögn Landsnets um deiliskipulagstillögu iðnaðarsvæðis í Höfðaseli á Akranesi

Landsneti barst beiðni, dags. 11. ágúst 2025, um að veita umsögn um deiliskipulagstillögu iðnaðarsvæðis í Höfðaseli á Akranesi, mál nr. 122/2025 í Skipulagsgáttinni. Um er að ræða iðnaðarsvæði austan þjóðveggar nyrst í bæjarlandi Akraness. Umsagnafrestur er til 19. september 2025.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet hefur áður veitt umsagnir um verkefnið, þar sem vakin er athygli á Akraneslínu 1 sem er 66 kV jarðstrengur á vegum fyrirtækisins og liggur austan skipulagssvæðisins.

Strengurinn er sýndur á uppdrætti deiliskipulagstillögunnar ásamt Vatnsfellslínu 2 sem er nokkru austar og einnig á vegum Landsnets. Strengirnir liggja nokkru utan skipulagsmarka og hefur skipulagið því ekki áhrif rekstur þeirra með beinum hætti.

Í kafla 3.3 í greinargerð skipulagstillögunnar kemur fram að austan skipulagssvæðisins er sýnd lega gatnatengingar, sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi, og það þar sé einnig gert ráð fyrir stofnlögnum veitukerfa og göngu- og hjólastíg. Landnet vísar til fyrri umsagna varðandi skipulag og framkvæmdir nærri háspennulínum fyrirtækisins.

Landsnet gerir ekki athugasemd við skipulagstillöguna.

Virðingarfyllt

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir